



Velferðarráð Kópavogs
Björg Baldursdóttir, formaður

Kópavogi, 10. janúar 2024
Málsnúmer 2401489/PK

Efni: Tillaga að breytingum á 15. gr. reglna um fjárhagsaðstoð er varðar greiðslu vegna barna

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 28. nóvember 2023 fjárhagsáætlun fyrir árið 2024. Samþykktin vegna barnagreiðslna hljóðar svo;

Barnagreiðslur / fjárhagsaðstoð

Gert er ráð fyrir að hækkun verði á fjárhagsaðstoð vegna barna, s.k. barnagreiðslum. Þessar greiðslur eiga að koma til móts við kostnað við fæði, leikskólagjöld og frístund. Fjárhæð á mánuði fari úr 15 þús. krónum pr. barn í 30 þús. krónur pr. barn. Barnagreiðslur fara ekki til foreldra, heldur beint til viðkomandi þjónustustofnunar. Áætluð viðbótarfjárheimild vegna þessa eru rúmar 7,8 m.kr. á ári.

Tillagan sem hér er lögð fram er til samræmis við reglur um fjárhagsaðstoð hjá nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og gerð til þess að koma enn frekar til móts við barnafjölskyldur sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu.

Eingöngu er um að ræða breytingu á 15. gr. reglna um fjárhagsaðstoð en tillaga að breytingunum er eftirfarandi:

15. gr. Upphæðir fjárhagsaðstoðar

Til viðbótar við framfærslugrunn skal í hverjum mánuði greidd sérstök fjárhagsaðstoð fyrir hvert barn sem er með lögheimili og á framfæri foreldris sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum. Skal aðstoðin mæta kostnaði vegna dvalar barna í leikskóla í allt að átta tíma og dvalar barna á frístundaheimili, fimm daga í viku, auk greiðslu kostnaðar vegna skólamáltíða og síðdegishressingar. Um þjónustugreiðslur er að ræða sem greiðast til menntasviðs Kópavogsbæjar.

Sama gildir um daggæslu barns í heimahúsi eða á einkareknum leikskóla. Foreldri sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum fær sérstaka fjárhagsaðstoð fyrir hvert barn með lögheimili og á framfæri foreldris sem er í daggæslu í heimahúsi eða á einkareknum leikskóla. Miðað er við að



aðstoðin nemi sömu upphæð og foreldrar greiða í náms- og fæðisgjald fyrir átta stundir á leikskólum Kópavogs. Greitt er gegn framvísun greiðslukvittana.

Í sumarlokunum leik- og grunnskóla er greiddur styrkur fyrir hvert barn sem er með lögheimili og á framfæri foreldris sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu að fjárhæð 30.000 kr. vegna þátttöku barns í námskeiðum, sumarbúðum eða öðru sambærilegu tómstundastarfi. Styrkurinn er greiddur gegn framvísun greiðslukvittana.

Við breytinguna fellur út eftirfarandi texti í 15. gr. Upphæðir fjárhagsaðstoðar;

Til viðbótar við framfærslugrunn skal í hverjum mánuði greiða sérstaka fjárhagsaðstoð fyrir hvert barn sem er með skráð lögheimili og á framfæri foreldris/foreldra með fjárhagsaðstoð skv. þessari grein. Sérstök fjárhagsaðstoð er kr. 15.000,- á mánuði fyrir hvert barn til að mæta kostnaði vegna barna.

Tillagan rúmast innan fjárheimilda í fjárhagsáætlun fyrir árið 2024.

Virðingarfyllst,
Þóra Kemp,
Skrifstofustjóri á skrifstofu ráðgjafar.

Fylgiskjal 1: Drög að breytingum á 15. gr. reglna um fjárhagsaðstoðar í Kópavogsbæ.